

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. apríl 2023, vegna auglýsinga á tillögu að breyttu deiliskipulagi Vagnhöfða 29

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi Vagnhöfða 29, birtist í Morgunblaðinu á morgunn, þriðjudaginn 25. apríl 2023. Tillagan er í kynningu frá 25. apríl 2023 til og með 9. júní 2023. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð: <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/vagnhofdi-29>

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. mars 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 30. mars 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða iðnaðarsvæðis vegna lóðarinnar nr. 29 við Vagnhöfða. Í breytingunni sem lögð er til felst að núverandi byggingar á lóðinni verði fjarlægðar og í staðinn verði heimilt að byggja 7 hæða byggingu þar sem tvær efstu hæðirnar verða inndregnar að stórum hluta. Aðkoma að byggingunni verður bæði frá göturýminu og inngarðinum. Auk þess er gerð lítilsháttar breyting á lóðarmörkum ásamt því að heimilt verði að nota þak sem dvalarsvæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.reykjavik.is, undir skipulag í kynningu. Einnig má nálgast tillöguna á tölvuskjá hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30 – 16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **25. apríl 2023 til og með 9. júní 2023**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 9. júní 2023.** Vinsamlegast notið uppgengið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu ☀️
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið 🌊

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.